

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Skálabrekka eystri, L224848, skilmálabreyting.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Skálabrekku eystri, L224848. Í breytingunni felst að eftirfarandi grein er bætt við skilmála deiliskipulagsins: Óheimilt er að stunda umfangsmikinn atvinnurekstur á svæðinu sem felur í sér mikinn ágang. Undir það fellur umferð fólksflutningabifreiða og rekstur gististaða sem háðir eru rekstrarleyfi/starfsleyfi skv. reglugerð nr. 1277/2016. Flokkur I heimagisting skv. 3. gr., sbr. 13. gr. sömu reglugerðar, er þó leyfð á svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. maí 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Útey 2, L167648, Vesturvegur 6, L238896, stækkun lóðar.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundabyggðar í landi Úteyjar 2, L167648. Í breytingunni felst að lóð við Vesturveg 6, L238896, stækkar sem og að lóðir við Vesturveg eru merktar með réttum staðföngum.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 17. júlí 2025